

Skrifstofa STEFs, Laufásvegi 40, 101 Rv., er
opin 10-12 og 13-15 virka daga, s. 561-6173,
fax 562-6273

Viðmiðun: jan 2012
Lánskjaravísitala 7594

Gjaldskrá STEFs vegna tónleika 2012

Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að einstökum tónleikum skal greiða 4%, þó aldrei lægri fjárhæð en sem hér segir:

Ef samkomugestir eru 100 eða færri	kr.	4.679
Ef samkomugestir eru 101-200	kr.	14.037
Ef samkomugestir eru 201-300	kr.	21.055
Ef samkomugestir eru 301 eða fleiri skal greiða fyrir hvert byrjað hundrað umfram 300.	kr.	6.434

Ef samanlagður tími verndaðrar tónlistar á tónleikum er minni en 1/3 af heildartíma þeirra verka, sem þar eru leikin, lækkar prósentugjaldið í 2%, en lágmarksgjald lækkar ekki.

Áður en tónleikar eru haldnir skal tónleikahaldari afla heimildar til flutnings þeirra tónverka, sem ætlunin er að leika á tónleikunum og skila inn til skrifstofu STEFs eða umboðsmanns STEFs upplýsingum, þar sem fram kemur hver stendur fyrir tónleikunum og er ábyrgðarmaður þeirra, hverjir verða flytjendur, hvar og hvenær tónleikarnir verða haldnir og heiti hvers verks, sem þar verður flutt, ásamt nafni lagahöfundar, textahöfundar og útsetjara og væntanlegum flutningstími þess í mínútum talið. Eyðublöð fást á skrifstofu STEFs eða hjá umboðsmanni STEFs.

Ef tónleikar eru haldnir án heimildar frá STEFi verður sá aðili, sem lánar eða leigir húsnæði undir tónleikana, krafinn um leyfisgjaldið.

Gjaldið greiðist fyrirfram, ef vitað er hvað það verður, en annars næsta virka dag eftir tónleika. Af stærri tónleikum, þar sem ætla má að leyfisgjald sé yfir kr. 20.000, skal tónleikahaldari skila inn tryggingu fyrir væntanlegu leyfisgjaldi.

Ofangreind lágmarksgjöld miðast við þá lánskjaravísitölu, sem tilgreind er efst í gjaldskránni.

Tónleikahaldari ber ábyrgð á að skila inn skýrslu um flutt verk til STEFs (lagalista) svo skrá megi flutninginn og úthlutun greiðslna til höfunda verði rétt. Hægt er að skila inn slíkum skýrslum á rafrænu formi í gegnum heimasíðu STEFs eða á netfangið info@stef.is

Ef tónleikar eru hluti af hefðbundnu tónlistarnámi t.d. ef um er að ræða burtfararpróf, áfangapróf eða þess háttar, innheimtir STEF ekki höfundaréttargjöld af tónleikunum. Af tónleikum kóra eða skólahljómsveita sem skipuð eru nemendum grunnskóla eða framhaldsskóla og ekki falla undir ofangreint skal greiða skv. gjaldskrá STEFs með 50% afslætti. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvar tónleikarnir eru haldnir. Ef aðrir standa að tónleikahaldi en viðkomandi tónlistarskóli, kór eða skólahljómsveit, gildir almenn gjaldskrá STEFs fyrir tónleika.